

LÖG

um breytingu á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 15. gr. a laganna bætist nýr töluliður, sem verður 3. tölul., svohljóðandi:
3. 8. gr. um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri.

2. gr.

Á eftir 15. gr. d laganna kemur ný grein, 15. gr. e, svohljóðandi:

Í tengslum við rannsókn mála er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstaklinga og lög-
aðila um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg. Fjármálaeftirlitið getur kallað
til skýrslugjafar einstaklinga sem það telur búa yfir upplýsingum er varða rannsókn málsins.
Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang
að gögnum samkvæmt þessari grein.

Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum og reglum settum á grund-
velli þeirra sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga sem nauð-
synlegar eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi
sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru
bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa.

Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrrsetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir
liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara. Um
skilyrði og meðferð slíkrar kröfu fer eftir 88. gr. laga um meðferð sakamála, eftir því sem við
getur átt.

Um rannsókn Fjármálaeftirlitsins á brotum gilda að öðru leyti ákvæði laga um opinbert
eftirlit með fjármálastarfsemi. Rannsóknarheimildir skulu vera þær sömu og Fjármála-
eftirlitið hefur með eftirlitsskyldum aðilum, þar á meðal úrræði og heimildir sem fram koma
í 9.–11. gr. þeirra laga.

3. gr.

Við 16. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem verður 3. tölul., svohljóðandi:

3. 8. gr. um milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslun með erlendan gjaldeyri.

Nr. 73

13. júlí 2009

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. júlí 2009.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Gylfi Magnússon.

A-deild – Útgáfud.: 13. júlí 2009